

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

588. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. mars 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Sigríði Tryggvadóttur, forstöðumann bóka- og skjalasafns.
3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlun um úthlutun framlaga 2009.
4. Erindi Jóhannesar Björnssonar.
5. Afrit stofnfundargerðar Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.
6. Fundargerð stjórnar Byggðasafnsins á Reykjum frá 17. febrúar sl.
7. Drög að húsaleigusamningi v/ félagsmiðstöðvar.

### Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um snjómokstur og hálkuvarnir, fund sem haldin var um lagningu hitaveitu í dreifbýli og aðra möguleika til húshitunar og framkvæmdir í íbúðum aldraðra í Nestúni.
2. Viðræðum við Sigríði Tryggvadóttur frestað til næsta fundar.
3. Fram lagt bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem kynnt er áætlun um úthlutun framlaga sjóðsins fyrir árið 2009. Umræðu frestað til næsta fundar.
4. Fram lagt erindi Jóhannesar Björnssonar þar sem hann óskar eftir niðurfellingu á álagningu sorpgjalds vegna Reynhóla. Byggðarráð óskar eftir upplýsingum frá tæknideild vegna erindisins.
5. Fram lögð til kynningar stofnfundargerð Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.
6. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna frá 17. febrúar sl.
7. Farið yfir drög að húsaleigusamningi v/ félagsmiðstöðvar í húsnæði félagsheimilisins. Afgreiðslu frestað.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Guðmundur H. Sigurðsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga mætti til viðræðna við byggðarráð. Greindi hann byggðarráði frá ákvörðun um sameiningu heilbrigðisstofnana í Vesturlandsumdæmi að undanskilinni Heilbrigðisstofnun Hvammstanga og áhyggjum framkvæmdastjórnar stofnunarinnar um stöðu hennar í því ljósi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Guðmundur H. Sigurðsson*  
*Hjinný Tryggvadóttir*  
*Dr. Halldór Eggertsson*

Aheyrnarfulltrúi:

*Ólafur Sigurðsson*

Fundi slitið kl. 12:30

*Ólafur Sigurðsson*